

1.	Desjarmýri	300 kr.
2.	Kálfafellsstaður	200 —
3.	Sandfell í Örafum	500 —
4.	Kálfholt	200 —
5.	Staður í Grindavík	300 —
6.	Hestþing	200 —
7.	Sauðlauksdalur	200 —
8.	Staður í Aðalvík	600 —
9.	Tröllatunga	200 —
10.	Tjörn á Vatnsnesi	300 —
11.	Goðdalir	100 —
12.	Fell í Sljettuhlíð	400 —
13.	Miðgarður í Grímsey	200 —
14.	Hvanneyri	300 —
15.	Höfði	100 —
16.	Þönglabakki	400 —
17.	Lundabrekka	300 —
18.	Klyppstaður	200 —

Samtals: 5000 kr.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega kunngjört yður, háæruverðugi herra, til þókn-anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, og munu uppbætur þessar verða útborgaðar samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. nóvember 1881 (B. 161).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um lóðar- **36**
gjald á Sauðárkróki — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknalegu brjefi 12. marz.
frá 27. ágúst f. á. samþykki jeg hjermeð upphæð afgjalds þess af húsalóðum á Sauðár-
króki, er ákveðin var með útmælingargjörð þeirri, er sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu
með tilkvöddum mönnum framkvæmdi 17. maí í fyrra, eptir því sem fyrirskipað hafði
verið í brjefi mínu 18. apríl s. á., og skal sýslumaður innheimta gjald þetta í fyrsta
skipti í næstkomandi fardögum fyrir hið þá umliðna fardagaár 18^{83/84}; þó skal jeg, að
því er snertir lóð þá, er L. Popp, án þess að hafa heimild til þess, hefur leyft Halli
Ásgrímssyni að byggja á, skora á yður að leggja fyrir sýslumanninn í Skagafjarðarsýslu
að mæla hana upp og ákveða lóðargjald af henni eptir sama mælikvarða og af öðrum
lóðum, og skyldi þá það, sem eptir verður af lóð þeirri, sem L. Popp á sínum tíma var
útmæld, eigi vera svo mikið, að svaraði til 20 kr. lóðargjalds, í hlutfalli við aðrar lóðir,
þá álit jeg sjálfsgagt, að það verði fært tiltölulega niður.

Sömuleiðis fellst jeg á, að ekkert gjald greiðist af barnaskólalóðinni, að lands-
hlutur af sild á strandlengjunni milli Sauðáróss og Gönguskaróssar falli til landssjóðs, að
þeir húseigendur á Sauðárkróki, sem óska að koma upp maturtagörðum í brekkunni
fyrir ofan húsin, fái til þess útmældar lóðir án sjerstaks eptirgjalds fyrir sjálfa þá, og
að endingu, að þjer, herra amtmaður, ákveðið eptirleiðis upphæð gjaldsins af þeim húsa-
lóðum, er kynnu að verða útmældar á Sauðárkróki, þannig að gjaldið ekki verði sett
lægra en 25 a. af hverjum 100 □ álnum.